

Tillaga	A 1999/UKK
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um að vekja athygli á norrænu verðlaunaafhendingunum

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að eiga viðræður við viðeigandi greinar og aðila til að meta möguleikann á því að til dæmis skapa vettvang þar sem útgefendur geta reglulega komið saman í tengslum við verðlaunaafhendingarnar
- að kanna möguleika á svipuðu frumkvæði fyrir aðra verðlaunaflokka
- að setja markmið um að fleiri af þeim verkum sem eru tilnefnd til norrænu bókmenntaverðlaunanna séu þýdd
- að vinnan að verðlaunaafhendingum framtíðarinnar hafi það markmið að vekja athygli á hinum tilnefndu verkum og gera þau aðgengileg almenningi

Bakgrunnsupplýsingar

Verðlaun Norðurlandaráðs eru vel metin og njóta virðingar. Staða þeirra er sterk innan þeirra geira sem þau eru veitt. Form verðlaunaafhendinganna hefur breyst í gegnum árin og nú er til skoðunar hvernig þeim skuli háttað í framtíðinni. Það er gott, en einnig er mikilvægt að skoða hvernig við sem tengjumst verðlaununum getum eflt norræna samstarfið með mismunandi hætti. Hvernig er til dæmis hægt að efla menningarlífið á Norðurlöndum? Hvernig er hægt að auka sýnileika listaverka og umhverfisaðgerða?

Meðal annars fengum við skilaboð frá samtökum norskra útgefenda í tengslum við sumarfund þekkingar- og menningarnefndarinnar árið 2024. Samtökin vilja sjá einhvers konar bransahitting í tengslum við afhendingu bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Slík samkoma myndi til dæmis efla útgáfustarfsemi á Norðurlöndum, gefa verðlaununum meiri vigt og skapa meiri tækifæri fyrir þýðingu tilnefndra verka yfir á önnur norræn tungumál.

Engar hindranir eru fyrir því að útgáfugeirinn taki sjálfur af skarið hvað þetta varðar. Allt bendir til þess að geirinn sé reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum til þess. En til að tengingin við verðlaunaafhendinguna sé skýr þarf að eiga viðræður við viðeigandi geira



og aðila. Norræna ráðherranefndin þarf að koma að mögulegu samstarfi um þetta. Auk þess eru tækifæri til að vekja athygli á öðrum verðlaunum með sambærilegum hætti, með því að sýna tilnefndar kvikmyndir, flytja tónlist og vekja athygli á umhverfisstarfi. Nákvæmlega hvernig það er gert þyrfti að vera viðfangsefni frekari umræðna. Umræðna sem einnig þarf að halda Norðurlandaráði upplýstu um og gefa því tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Góðar þýðingar á tilnefndum bókmenntaverkum er svið sem þarf að þróa til að fleiri fullorðnir, börn og ungmenni geti notið góðra norrænna samtímabókmennta. Markmiðið þarf að vera að eins mörg verk og mögulegt er séu þýdd og að lágmarki þarf að setja markmið um að fjölga þýðingum á tilnefndum verkum. Raunhæf framtíðarsýn ætti að vera að öll þeirra verði aðgengileg á sem flestum norrænu tungumálunum til að íbúar allra norrænu landanna og tungumálasvæðanna geti lesið þau.

Loks viljum við leggja áherslu á mikilvægi þess að vinnan að verðlaunaafhendingum framtíðarinnar hafi það markmið að vekja athygli á hinum tilnefndu verkum og gera þau aðgengileg almenningi. Þannig stöndum við vörð um hróður verðlaunanna. Og með því eflum við einnig menningarlíf og umhverfisstarf á Norðurlöndum.

Mariuhöfn, 16. september 2024

*Kathrine Kleveland
Emma Berginger
Heidi Greni
Jouni Ovaska
Anna Starbrink
Catarina Deremar
Ola Elvestuen
Krista Mikkonen*

*Guðmundur Ingi Kristinsson
Johan Dahl
Eva Biaudet
Liz Mattsson
Kjell-Arne Ottosson
Sandra Listerby
Lars-Christian Brask
Markku Siponen*